

**Stofnanasamningur milli
Félags íslenskra leikara og sviðlistafólks (FÍL)
og Íslenska dansflokksins (ÍD)
samkvæmt gildandi kjarasamningi
milli FÍL og fjármálaráðherra frá 10. júní 2021**

1. Markmið og gildissvið

1.1. Markmið

- Að laun til danshöfunda hjá ÍD séu í samræmi við ábyrgð og vinnuframlag.
- Að launakerfið sé sveigjanlegt, hlutlægt og gagnsætt og að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum Íslenska dansflokksins eins og þau eru skilgreind í lögum um sviðslistir nr.165/2019.
- Að ÍD ráði til starfa danshöfunda sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem þeim eru falin og ÍD er ætlað að sinna.
- Að launakerfið endurspegli jafnréttissjónarmið og það verði starfsmönnum hvatning til markvissari vinnu og endurmenntunar.

1.2. Samningur þessi nær til félagsmanna FÍL sem ráðnir eru sem danshöfundar hjá ÍD.

2 Röðun starfa og mat álags

2.1 Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Danshöfundur hefur á hendi tvo verkþætti, þar sem starfið felst annars vegar í því að semja nýtt verk fyrir Íslenska dansflokkinn, og hins vegar vinnan við æfingafærli og sviðsetningu verksins.

2.2 Danshöfundar raðast í launaprep 01 til 08 samkvæmt launatöflu í grein 1.1.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og FÍL vegna danshöfunda hjá Íslenska dansflokknunum. Taflan tekur mið af því að þeir danshöfundar sem starfa hjá Íslenska dansflokknunum séu með háskólamenntun í danslist eða sambærilegum greinum sviðslista, eða a.m.k. 5 ára reynslu af starfi sem danshöfundur. Danshöfundur skal leggja fram fullnægjandi gögn til staðfestingar starfsreynslu sinni. Byrjunarlaun miða við danshöfund sem hefur unnið að fjórum eða færri sviðsetningum. Röðun danshöfundar tekur eftirfarandi hækkunum miðað við starfsreynslu og/eða prófaldur:

01 launaprep byrjunarlaun

02 Launaprep eftir 4 sviðsetningar eða 2 ára prófaldur

03 launaprep eftir 7 sviðsetningar eða 5 ára prófaldur

04 launaprep eftir 12 sviðsetningar eða 9 ára prófaldur

05 launaprep eftir 18 sviðsetningar eða 12 ára prófaldur

06 launaprep eftir 24 sviðsetningar eða 16 ára prófaldur

07 launaprep eftir 30 sviðsetningar eða 20 ára prófaldur

08 launaprep eftir 35 sviðsetningar eða 25 ára prófaldur

Ljúki danshöfundur sem raðað er í launaprep 01 – 07 formlegu meistaranámi eða sambærilegu námi á háskólastigi skal hann raðast einum launaflokki ofar en ella.

Með sviðsetningu er átt við tilgreindan fjölda af fullgildum danssýningum, þá er átt við danssýningar með atvinnufólki á viðurkenndum vettvangi.

-Danshöfundur í söngleik í atvinnuleikhúsi eða sambærilegt verkefni reiknast sem fullgild sviðsetning.

-Þrjú danshöfundaverk í leiksýningum (sviðshreyfingar) reiknast sem ein fullgild sviðsetning.

-Hvert sviðsett dansverk á 3. námsári við sviðslistadeild Listaháskóla Íslands (LHÍ) eða sambærilega skóla telst fullgild sviðssetning.

3. Ráðningarform, flokkar og lengd sviðsetninga

3.1 Ráðningarform

3.1.1 Ársráðning. Samkomulag er um hversu mörg verk danshöfundur vinnur á starfstímanum, gengið út frá 2,5 verk á ári að meðaltali.

3.1.2 Tímabundin ráðning – Verkefnaráðning.

3.1.3 Ef tveir danshöfundar eru ráðnir til að vinna að sama verki skal greiðsla til beggja ekki vera lægri en segir í grein um lengd sviðsetninga að viðbættu 50% álagi (fjögur mánaðarlaun x 50% = 6mán / 2 = 3 á mann).

3.1.4 Veljist til starfa í þau störf er samningur þessi fjallar um, starfsmaður sem er á launum hjá Íslenska dansflokknum, t.d. samningsbundinn dansari, þá skal hann fá 57% af þeim launum sem hann annars fengi í þóknun skv. þessum samningi, ofan á þau mánaðarlaun sem hann er á. Um danshöfundaverk hans skal gera ráðningarsamning með tilheyrandi fylgigögnum.

3.2 Flokkar, lengd sviðsetninga og verefna

3.2.1 Sviðsetningar 1 - 3

Sviðssetning 1 - Sérstaklega umfangsmikil og vandasöm sýning fyrir stór svið, að lágmarki 60 mínútur að lengd skal nema að lágmarki fimm mánaðarlaunum.

Sviðssetning 2 - Hefðbundin uppfærsla í fullri lengd, sem deilir ekki sýningartíma með öðru verki. Ráðning skal vera að lágmarki fjórir mánuðir.

Sviðssetning 3 - Styttri sýning, 30 mínútur eða skemmri eða önnur óhefðbundin og umfangslítill verkefni. Verk sem deila sýningartíma með öðrum (sbr. double bill) skal nema að lágmarki þrennum mánaðarlaunum.

3.2.2 Vinnustofa/Workshop - Lágmarksráðning einn mánuður fyrir tveggja vikna vinnustofu eða hálfur mánuður fyrir viku langa vinnustofu.

4. Forsendur launaröðunar og rökstuðningur

4.1 Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað í launaprep sbr. Gr 2.2 eða miðað við fyrirliggjandi forsendur um sviðsetningar/mánaðarfjöldi sbr. Gr. 3.2.1 , á hann rétt á því að fá forsendur röðunar sinnar gefnar upp og rökstuddar, sem og endurmetnar ef ástæða þykir til.

5. Ráðning, starfslýsing og siðareglur

5.1 Við ráðningu skal gera ráðningarsamning (fylgiskjal 1) og starfslýsingu (fylgiskjal 2 þar sem tilgreind eru þau verkefni og sú ábyrgð sem felast í starfinu ásamt að danshöfundur eru kynntar siðareglur ÍD (fylgiskjal 3).

6. Starf aðstoðardanshöfundar og/eða dramatúrgs

6.1 Kjósi danshöfundur að fá aðstoðardanshöfund og/eða dramatúrg að sviðsetningunni og vinnuveitandi veitir samþykki sitt skulu launakjör viðkomandi vera í samræmi við launaprep samnings þessa og ekki lægri en 70% af því launaprepi sem hann sem danshöfundur ætti rétt á. Heimilt er að ráða aðstoðardanshöfund og/eða dramatúrg tímabundið og tækju launin mið af því tímabili sem ráðningin nær til. Skal starfslýsing gerð samfara ráðningarsamningi er taki til þeirra verkefna sem viðkomandi eru ætluð í hverri sviðsetningu.

7. Sýningahald

7.1 Íslenski dansflokkurinn skipuleggur niðurröðun sýninga og tekur ákvörðun um hversu lengi verkefni er í sýningu og hvort það verður tekið upp síðar og hvenær. Stofnunin skipuleggur sýningarferð um landið og þiggur boð um að sýna sýninguna erlendis, ef tilefni er til.

7.2 Íslenski dansflokkurinn hefur rétt til að breyta framlögðum áætlunum um áætlaðan frumsýningardag, sýningahald og tímasetningar samanber ákvæði í ráðningarsamningi ÍD og danshöfundar. Ef frestun eða tilfærsla á verkefni er lengri en 2 vikur þarf að semja sérstaklega um það.

8. Forföll, sýningarhlé, færsla milli sýningarstaða

8.1 Forfallist dansari eftir að sýningar eru hafnar, er danshöfundur boðið að æfa nýjan dansara í hlutverkið hans stað. Ef danshöfundur getur ekki sinnt slíkum útköllum annast æfingastjóri þá vinnu.

8.2 Ef æfa þarf sýninguna upp eftir meira en 6 vikna sýningahlé, eða vegna flutnings á annað svið, skal kalla danshöfund til og greiða honum sérstaka þóknun fyrir þá vinnu með yfirvinnukaupi.

8.3 Ef danshöfundur getur ekki uppfyllt skyldur sínar vegna sjúkdóms eða dauðsfalls, áskilur dansflokkurinn sér rétt til að láta annan danshöfund/staðgengil ljúka verkinu. Skal þá haft samráð við fyrri danshöfund, ef þess er kostur, um nafngreiningu en að öðru leyti tekur nýr danshöfundur við fullu forræði á sýningunni.

8.4 Aðilar eru um það sammála, að eigi þurfi að jafnaði að fela öðrum starfsmanni ÍD (t.d. æfingastjóra, aðstoðardanshöfundur eða dramatúrg) sérstaklega að gegna starfi danshöfundar nema fjarvera danshöfundar vari lengur en 7 vinnudaga samfelld. Ef um að ræða lengri fjarveru en 7 vinnudaga en þó ekki forföll skv. gr. 8.3. skal samið sérstaklega við viðkomandi starfsmann sem yrði þá tímabundinn staðgengill danshöfundar.

9. Álagsgreiðslur – kvöldæfingar

9.1 Fjöldi sveigjanlegra vinnudaga á hverju æfingaferli er 10 að hámarki og eingöngu á virkum dögum. Óski Íslenski dansflokkurinn eftir fleiri en 10 vinnudögum þar sem unnið er eftir kl. 17.00 þá greiðist álag skv 1.5.1 í kjarasamningi.

10. Greiðsla fyrir sýningar, aðrar höfundarréttargreiðslur og sýningaréttur verksins

10.1 Vegna greiðslna skv. gr. 1.6.1 og 1.6.2 í kjarasamningi skal danshöfundur skila inn reikningi til ÍD í samráði við framkvæmdastjóra ÍD sem gefur upplýsingar um fjölda sýninga og upphæðir reiknings.

1.6.1 og 1.6.2 (Fyrir hverja sýningu dansverksins á Íslandi skal greiða 2,1% af mánaðarlaunum danshöfundar skv. gr. 1.1.1. Fyrir hverja sýningu dansverksins erlendis skal greiða danshöfundu 10% af mánaðarlaunum skv gr. 1.1.1)

10.2 Höfundargreiðsla verksins fyrir einkarétt á sýningum dansverksins hérlendis og erlendis skal nema 10% af heildarupphæð þeirra launa sem danshöfundur semur um við ÍD. Með höfundarréttargreiðslu hefur ÍD tryggt sér sýningarrétt á dansverkinu hérlendis í 2 ár og einkarétt (e. exclusive rights) á sýningum verksins erlendis í 3 ár.

Sýningarréttur ÍD gildir frá og með frumsýningardegi verksins. Óski ÍD eftir að framlengja sýningarréttinn skal semja sérstaklega um það við danshöfund.

11. Kynningarefni, sjónvarpsútsendingar og streymi

11.1 Íslenski dansflokkurinn hefur rétt á að setja upp stutta úrdrætti úr sýningunni í tengslum við kynningarefni og almannatengslaviðburði. Einnig er heimilt að bjóða upp á atriði úr sýningum við almenn hátíðarhöld, t.d. 17. júní. Í öllum tilfellum er dansflokknum skylt að leita upplýsts samþykkis danshöfundar og gæta að sæmdarrétti hans og því óheimilt að gera breytingar eða innbyrðis styttingar á höfundaverki hans án samráðs og samþykkis hans.

11.2 Upptaka eða útsending sviðsetninga skal gerð með samþykki danshöfundar og þá samkvæmt sérstöku samkomulagi við hann. Semja skal fyrirfram um umfang vinnu og höfundagreiðslu.

12. Ágreiningsmál og samstarfsnefnd

12.1 Komi upp ágreiningur um túlkun þessa kafla skal leita álits sérstakrar samráðsnefndar um veikindarétt og skal það haft til hliðsjónar í samstarfsnefnd aðila.

12.2 Skipan og hlutverk samstarfsnefndar

Hjá stofnuninni skal starfa samstarfsnefnd, sem er skipuð 2 fulltrúum frá hvorum aðila, þ.e. stéttarfélagi/starfsmönnum og stofnun. Samstarfsnefnd hafi m.a. það hlutverk að fjalla um forsendur starfaflokkunar, röðun einstakra starfa í launaflokka og koma á sáttum í ágreiningsmálum sem rísa kunna út af samningi þessum.

12.3 Starfshættir samstarfsnefndar

Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum til nefndarinnar og kallað hana til starfa. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á röðun eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið

12.4 Samstarfsnefnd og matsfundir Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar. Litrænir stjórnendur og danshöfundur geta hvor um sig óskað eftir sérstökum matsfundi á sviðsetningunni að lokinni frumsýningu.

13. Gildistími og endurskoðun stofnanasamnings

13.1 Fulltrúar í samstarfsnefnd geta óskað eftir endurskoðun stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans sbr. grein 14.2 í kjarasamningi aðila.

Gildistími stofnanasamnings er sá sami og kjarasamningur milli FÍL og fjármálaráðherra frá 10. júní 2021

Reykjavík 19.06 2021

Fyrir hönd Íslenska dansflokksins

Fyrir hönd Félags íslenskra leikara og sviðslistafólks

Bókun 1

Samsköpunarverk (Devised verkefni) Í sviðsetningu samsköpunarverka (e. devised) skal gera höfundarréttarsamning, áður en undirbúningur og æfingar hefjast, við þá listamenn, sem að verkinu koma, þróunarvinnu og sviðsetningu höfundarverks þeirra.

Bókun 2

Greiðslur skv. kafla 10 (10.1 – 10.2) eru höfundagreiðslur og bera fjármagnstekjuskatt skv Reglugerð um skattlagningu tekna af höfundarréttindum 1245/2019. Danshöfundi ber að skila opinberum gjöldum (fjármagnstekjuskatti)

Fylgiskjöl m. samningi

1. Ráðningarform
2. Starfslýsing
3. Siðareglur ID